

Laugardaginn 19. desember 1936.

Nr. 160/1936. Réttvísinn og valdstjórnin

(cand. jur. Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Guðmundi Jónssyni, Jóni Ingimundarsyni Stefánssyni, Jóni Sigurðssyni, Karli Óskari Guðmundssyni, Brynjólfi Þorgrími Hallgrímssyni, Gísli Stefánssyni, Guðmundi Stefánssyni, Þórarni Antoni Jóhanni Guðmundssyni, Þorkatli Þórðarsyni, Guðjóni Þorkelssyni, Kristni Magnússyni, Böðvari Jónssyni, Sigurjóni Valdasyni, Jónasi Sigurðssyni, Sigurði Pétri Oddssyni, Ísleifu Elísabet Hallgrímsdóttur, Guðmundi Eyjólfi Jólssyni og Kristjáni Sigurði Sigurjónssyni.
(Eggert Claessen).

Nokkrar manneskjur dæmdar til refsingar fyrir að hafa brotízt inn í fangahús og sleppt gæzlufanga út.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 3. des. 1935: Ákærðir Kristinn Magnússon, Böðvar Jónsson, Jónas Sigurðsson, Guðjón Þorkelsson, Sigurður Pétur Oddsson og Sigurjón Valdason skulu vera sýknir af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærð Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir, Jón Ingimundarson Stefánsson, Jón Sigurðsson, Guðmundur Eyjólfur Jólsson, Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson og Karl Óskar Guðmundsson sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, hvert.

Ákærður Kristján Sigurður Sigurjónsson sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærðir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Stefánsson, Gísli Stefánsson, Þorkell Þórðarson og Þórarinn Anton

Jóhann Guðmundsson sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, hver.

Fullnustu hinna ídæmdu refsinga skal fresta og þær falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907 eru haldin.

Málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns hinna ákærðu Jónasar Sigurðssonar og Sigurðar Péturs Oddssonar, 30 krónur fyrir hvorn, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærð Ísleif Elisabet Hallgrímsdóttir, Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson og Guðmundur Jónsson greiði 30 krónur hvert í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns þeirra í málinu, Björns P. Kalman, hrm.

Allan annan kostnað við mál þetta greiði hin dómfelldu öll in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

1. Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu hinna ákærðu Kristins Magnússonar, Böðvars Jónssonar, Jónasar Sigurðssonar, Guðjóns Þorkelssonar, Sigurðar Péturs Oddssonar og Sigurjóns Valdasonar.

2. Um athafnir ákærða Þórarins Antons Jóhanns Guðmundssonar, þær er hér skipta máli, er það eitt upplýst, að lögregluþjónarnir sáu hann inni á gangi fangahússins eftir að árásarmennirnir höfðu ruðzt þar inn. Eru þannig engar sannanir fyrir hendi um það, að hann hafi tekið þátt í innrásinni í fangahúsið eða verið einn þeirra manna, er leystu gæzlufangann Hallgrím Brynjólfsson úr varðhaldinu. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í þessu máli.

3. Að því er varðar ákærða Kristján Sigurð Sigurjónsson þá er ekkert upplýst um að hann hafi tekið þátt í innrásinni í fangahúsið. Hinsvegar sáu lögregluþjónarnir hann, er verið var að brjóta

upp klefa þann, sem gæzlufanginn Hallgrímur var geymdur í. Var ákærður þá innst í gangi fangahússins rétt við dyrnar á klefa Hallgríms. Annar lögregluþjónninn kveðst ekki hafa séð ákærða taka þátt í því að brjóta upp nefndan klefa, en í framburði hins lögregluþjónsins hefir gætt ósamkvæmni um þetta atriði. Að þessu athuguðu þykir varhuga-vert að telja sannað gegn eindreginni neitun á-ákærða, að hann hafi verið þátttakandi að því að leysa gæzlufangann úr varðhaldinu. Þykir því bera að sýkna ákærða í máli þessu.

4. Brot hinna ákærðu Ísleifar Elisabetar Hallgrímsdóttur, Brynjólfs Þorgríms Hallgrímssonar, Jóns Ingimundarsonar Stefánssonar og Guðmundar Eyjólfs Jólssonar þykja í héraðsdóminum réttilega heimfærð undir þargreind refsíákvæði og ákveðst refsing þeirra hvers um sig 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Atferli ákærða Karls Óskars Guðmundssonar varðar, auk þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, við 102. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans einnig hæfilega ákveðin 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

5. Brot ákærða Jóns Sigurðssonar er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir viðeigandi refsíákvæði, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

6. Athæfi hinna ákærðu Guðmundar Jónssonar, Gísla Stefánssonar og Guðmundar Stefánssonar varðar þá refsingu samkv. 101. gr. og 109. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja nr. 41, frá 1928. Ákveðst refsing þeirra hvers um sig 35 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

7. Um Þorkel Þórðarson er það eitt sannað, að hann hefir vaðið upp á lögregluþjónana Jóhannes J. Albertsson og Stefán Árnason með skammaryrðum þeim, sem greind eru í héraðsdóminum. Þetta athæfi varðar hann refsingu samkvæmt 102. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Eftir málavöxtum þykir mega ákveða að fullnustu refsingar hinna ákærðu Ísleifar Elísabetar Hallgrímsdóttur, Brynjólfs Þ. Hallgrímssonar, Guðmundar Jónssonar og Þorkels Þórðarsonar skuli fresta og hún falla niður að liðnum 5 árum, ef þau halda skilorð laga nr. 39 frá 1907. Málsvarnarlaun talsmanns í héraði fyrir hina ákærðu Jónas Sigurðsson og Sigurð Pétur Oddsson ákveðast kr. 50.00 og greiðist úr rikissjóði. Hin ákærðu Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir, Bynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson og Guðmundur Jónsson greiði in solidum talsmanni sínum í héraði kr. 100.00 í málsvarnarlaun. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti greiði hin dómfelldu in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, er ákveðast kr. 250.00 til hvors.

Um meðferð málsins í héraði athugast, að dómarrinn hefir tekið málið undir dóm hinn 8. júlí 1935, en dómur ekki uppkveðinn fyrr en 3. desember s. á.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu Kristinn Magnússon, Böðvar Jónsson, Jónas Sigurðsson, Guðjón Þorkelsson, Sigurður Pétur Oddsson, Sigurjón Valðason, Kristján Sigurður Sigurjónsson og Þórar-

inn Anton Jóhann Guðmundsson eiga að vera sýknir af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Hin ákærðu Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir, Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson, Jón Ingimundarson Stefánsson, Guðmundur Eyjólfur Jóelsson og Karl Óskar Guðmundsson sæti hvert um sig 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Jón Sigurðsson sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinir ákærðu Guðmundur Jónsson, Gísli Stefánsson og Guðmundur Stefánsson sæti hver um sig 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Þorkell Þórðarson sæti 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fullnustu refsingar hinna ákærðu Ísleifar Elísabetar Hallgrímsdóttur, Brynjólfs Þorgríms Hallgrímssonar, Guðmundar Jónssonar og Þorkels Þórðarsonar skal fresta og refsingin falla niður að liðnum 5 árum, ef þau halda skilorð laga nr. 39. frá 1907.

Málflutningslaun skipaðs verjanda hinna ákærðu Jónasar Sigurðssonar og Sigurðar Péturs Oddssonar í héraði, Björns P. Kalman, kr. 50.00 greiðist úr ríkissjóði. Ákærð Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir, Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson og Guðmundur Jónsson greiði

in solidum verjanda sínum í héraði, Birni P. Kalman, kr. 100.00 í málsvarnarlaun. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti greiði hin dómfelldu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Gunnars Þorsteinssonar og hæstaréttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, kr. 250.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn þeim Guðmundi Jónssyni, skipstjóra, til heimilis Vesturveg 11 A, Jóni Ingimundarsyni Stefánssyni, sjómanni, Njarðarstíg 18, Jóni Sigurðssyni, útvegsmanni, Vesturveg 20, Karli Óskari Guðmundssyni, formanni, Vestmannabraut 30, Brynjólfi Þorgrími Hallgrímssyni, verkamanni, Hásteinsveg 5, Gísla Stefánssyni, verkamanni, Sigriðarstöðum, Guðmundi Stefánssyni, sjómanni, Strandveg 43 B, Þórarni Antoni Jóhanni Guðmundssyni, verkamanni, Vesturveg 11 A, Þorkeli Þórðarsyni, verkamanni, Bárustíg 16 B, Kristni Magnússyni formanni, Kirkjuveg 29, Böðvari Jónssyni, vélamanni, Miðstræti 4, Sigurjóni Valdasyni, sjómanni, Vesturveg 9, Jónasi Sigurðssyni, formanni Hásteinsveg 28, Sigurði Péttri Oddssyni, útvegsmanni, Vestmannabraut 40, Ísleifu Elisabet Hallgrímsdóttur, Vestmannabraut 61, öllum hér í Vestmannaeyjum, Guðmundi Eyjólfi Jólssyni, sjómanni, Kirkjubæ, Búðarhreppi, Suðurmúlasýslu, og Kristjáni Sigurði Sigurjónssyni, sjómanni, Nýhöfn, Neskaupstað, fyrir brot gegn 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 31. marz 1928.

Málavextir eru sem hér segir:

Í maímánuði 1933 sat Hallgrímur nokkur Brynjólfsson um tíma í gæzluvarðhaldi í fangahúsinu hér í bænum

vegna rannsóknar á meintu broti hans gegn áfengislög-unum (þ. e. bruggun og sölu áfengis). Síðari hluta dags þann 20. nefnds mánaðar voru fulltrúi bæjarfógeta og 2 lögregluþjónar staddir í fangahúsinu vegna rannsóknar í opinberum málum og um kl. 6 e. h. nefndan dag, er fulltrúinn var að hætta við umrædda rannsókn í fangahúsinu, kom hópur manna að fangahúsinu. Annar umræddra lögregluþjóna, Stefán Árnason, var þá ekki staddur í fangahúsinu í bili, en kom þangað rétt strax eftir að hópurinn kom að fangahúsinu.

Allir, sem komu að fangahúsinu við umrætt tækifæri, voru karlmenn, nema ein kona, ákærð Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir, dóttir framangreinds Hallgríms Brynjólfssonar, og heimtaði hún að Hallgrími yrði sleppt úr varðhaldinu og sagði, að annars yrði hann tekinn út (með valdi), því næst eggjaði hún menn á að fara með valdi inn í fangahúsið, en ekkert var þó gert í þá átt (þá strax), þá spurði ákærð, Ísleif Elísabet, viðstadda um, hvort þeir ætluðu ekki „að fara inn“ og taka Hallgrím út, en enn var þó ekkert gert til þess. Þá kallaði ákærð til þeirra, sem viðstaddir voru, „ætlið þið að vera þær helvítis lyddur, allir þeir karlmenn, sem hér eru, að þora ekki að taka hann út“. Er ákærð hafði kallað þetta, færðist hópur manna, er var utan við fangahúsdyrnar, að dyrunum og ruddust menn á lögregluþjónana, Stefán Árnason og Jóhannes J. Albertsson, er stóðu í dyrum fangahússins, og voru hinir ákærðu Guðmundur Jónsson, Jón Stefánsson og Jón Sigurðsson fremstir í hóp þeirra, er gerðu þá árás, samkvæmt framburði nefndra lögregluþjóna í málinu.

Lögregluþjónarnir veittu viðnám í dyrum fangahússins um stund, en bæjarfógetafulltrúinn símaði til bæjarfógeta úr fangahúsinu, er árásin hófst, og skýrði honum frá árásinni, en brátt tókst árásarmönnum að ryðja þeim úr dyrunum, og ruddist hópur manna þá inn í anddyri fangahússins og þaðan inn í gang, sem liggur eftir fangahúsinu endilöngu milli gaffla þess frá austri til vesturs, og fóru allir hinir ákærðu inn í fangahúsið, eftir því sem upplýst er í málinu, nema ákærður Sigurður Pétur Oddsson og ákærð Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir, og fóru sumir manna þessara þá þegar að dyrunum á klefa þeim, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í. Klefi þessi var læstur með

sterkum hengilás, sem hengdur var í keng, sem festur var rambyggilega í dyrastafinn (í gegnum hann), en framan á klefahurðinni var járnslá, er fest var við hurðina með tveim járnboltum, er stóðu í gegnum hurðina og voru haugar á járnboltunum innan á hurðinni, en rær voru skrúfaðar á þá enda járnbolta þessara, er stóðu út úr járnslánni, en kengur sá, er hengilásinn er festur í, gekk í gegnum gat á enda járnslár þessarar, er stóð út af hurðinni. Árásarmenn gátu því ekki opnað klefadyrnar verkfæralausir, og sté ákærður Guðmundur Eyjólfur Jóelsson, sem þá var kominn inn í gang fangahússins, upp á borð eða skáp, sem stóð yzt á ganginum, úti við gafl fangahússins og opnaði glugga þar á vesturgafli hússins og kallaði út og bað um að náð væri í rofjárn, og eftir stutta stund var áhald, sem lögregluþjónarnir álitu að myndi vera rofjárn, en voru þó ekki vissir um, hvort væri rofjárn eða eitthvað annað álika áhald, rétt inn um gluggann. Var því næst klefi sá, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, brotinn upp og verður lýst nánar síðar því, sem upplýst er um, hverjir tóku þátt í því. En þeim, sem að því unnu, tókst fljótlega að brjóta klefann upp og kom í ljós eftir að innbrotið var framið, að klefinn hafði verið opnaður þannig, að framangreindar rær höfðu verið skrúfaðar af endum járnboltanna, sem lágu gegnum hurðina og framangreind járnslá beygð frá hurðinni og var þá unnt að opna hurðina án frekari aðgerða, og var því næst farið út úr fangahúsinu með Hallgrím Brynjólfsson. En á meðan þetta gerðist hafði bæjarfógetafulltrúinn farið út úr fangahúsinu, til þes að ná í menn til aðstoðar lögreglunni og hitti þá bæjarfógeta á götunni skammt frá fangahúsinu, en rétt á eftir (og áður en tími ynnist til útvegunar aðstoðarmanna) fóru árásarmennirnir frá fangahúsinu, eftir að hafa náð Hallgrími Brynjólfssyni úr fangelsinu.

Það hafa ekki fengizt í málinu upplýsingar um undirbúning árásar þessarar á fangahúsið eða hvort um fyrirfram ákveðin samtök hafi verið að ræða um að fremja verknað þennan. Sumir hinna ákærðu fengust alls ekki til við rannsókn málsins að gefa neina skýrslu um mála-vöxtu eða svara spurningum rannsóknardómarans, en þeir hinna ákærðu, sem gáfu slíkar skýrslur, neituðu að hafa í raun og veru tekið nokkurn þátt í verknaði þessum og

töldu sig því ekki vita neitt um undirbúning árásarinnar og upplýsingar um þetta hafa ekki fengizt annarsstaðar frá. En eigi verður talið sannað að um samtök hafi verið að ræða, samkv. 55. gr. hegningarlaganna.

Af sömu ástæðu hefir ekki verið unnt að fá upplýsingar um, af hvaða ástæðu verknaður þessi var framinn eða hvort þeir, er hann frömdu, töldu sig hafa nokkra sérstaka ástæðu til þess að fremja hann, aðra en þá, að Hallgrímur Brynjólfsson var í gæzluvarðhaldi.

Þá er að athuga það, sem upplýst er viðvikjandi þátttöku hvers hinna ákærðu í framangreindum róstum og innbroti:

1. *Ákærð Ísleif Elisabet Hallgrímsdóttir.* Hún hélt því fram við rannsókn málsins, að hún teldi sig ekki hafa brotið lög í neinu, en neitaði að gefa frekari upplýsingar um málavöxtu eða svara spurningum rannsóknardómarans að öðru leyti.

Að framan er lýst framburði vitnanna Stefáns Árnasonar og Jóhannesar J. Albertssonar, lögregluþjóna, viðvikjandi framkomu hennar, áður en árásin á fangahúsið hófst og eggjunarorðum hennar til manna um að fremja árás þessa. En nefnd vitni hafa borið, að þeir hafi ekki orðið varir við, að ákærð færi neitt inn í fangahúsið við umrætt tækifæri eða tæki neinn beinan þátt í árásinni sjálfri og er ekki upplýst í málinu, að hún hafi gert það. Ákærður Kristján Sigurður Sigurjónsson hefir og borið, að hann hafi séð ákærðu í hópnum utan við fangahúsdyrnar, áður en árásarmennirnir ruddust inn í fangahúsið við umrætt tækifæri, og kveðst hafa heyrt hana kalla eitthvað til manna þeirra, sem þar voru viðstaddir, sem hann kveðst ekki muna nákvæmlega hvað var, en sem hefði verið eitthvað á þá leið, er framannefndir lögregluþjónar hafa borið. Ákærður Þorkell Þórðarson hefir og borið, að ákærð hafi verið stödd hjá fangahúsinu við umrætt tækifæri og hafi eggjað menn mjög til inngöngu í fangahúsið og hafi þar á meðal kallað upp til viðstaddra, hvort þeir ætluðu að vera þær lyddur að þora ekki inn í fangahúsið og taka Hallgrím Brynjólfsson út eða eitthvað á þá leið.

Vitnið Ársæll Sveinsson hefir og borið, að hann hafi eftir að umrætt uppbót varð við fangahúsið, séð ákærðu koma niður Bárustíg (þ. e. frá fangahúsinu, ásamt með

Hallgrími Brynjólfssyni, sem hún leiddi, og Óskar nokkur Valdason hefir borið, að hann hafi mætt ákærðri og Hallgrími Brynjólfssyni á horninu milli Bárustígs og Vestmannabrautar.

Annað en að framan greinir, er ekki upplýst viðvikjandi þátttöku ákærðrar í framangreindum verknaði, en með því, sem þannig er upplýst í málinu, verður að telja sannað, að ákærða hafi eggjað menn til árásarinnar á lögregluþjónana og innbrotsins í fangahúsið — þ. e. að taka Hallgrím Brynjólfsson með valdi úr gæzluvarðhaldinu, og að hún hafi þannig haft forgöngu um verknað þennan.

2. *Ákærður Guðmundur Jónsson.* Við rannsókn málsins hélt hann því fram, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við lög í neinu, en neitaði að öðru leyti að svara spurningum rannsóknardómarans eða gefa skýrslu um málavöxtu. Þar á meðal fékst hann ekki til að svara játandi eða neitandi spurningum dómarans um, hvort hann hefði verið staddur við fangahúsið við umrætt tækifæri eða verið fremstur í árásinni á fangahúsið, (þ. e. lögregluþjónana í dyrum þess).

Eins og að framan er dregið á, hafa báðir framangreindir lögregluþjónar borið, að ákærður hafi verið fremstur í hóp þeirra, sem réðust á lögregluþjónana í dyrum fangahússins og að hann hafi í byrjun reynt að ýta lögregluþjónunum úr dyrum fangahússins og komast inn í fangahúsið með valdi og að þeir eða (Stefán Árnason), hafi þá spurt, hvort hann stæði fyrir þessari árás og hafi hann neitað því og hætt að ryðjast áfram, en sagt, að svo fast væri ýtt á sig, að hann gæti ekki gert neitt til þess að „varna þessu“ og hafa vitni þessi borið, að þeir hafi ekki séð ákærðan hafa sig neitt í frammi eftir það til neinna árása eða við að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldinu, og er ekki upplýst um neina frekari þátttöku hans í umræddu uppþoti eða innbroti í fangahúsið.

Ákærður Sigurjón Valdason hefir borið, að hann hafi séð ákærðan Guðmund Jónsson standa í dyrum fangahússins og hafi Jóhannes J. Albertsson, lögregluþjónn, staðið fyrir innan hann í dyrunum, en þéttur hnappur manna hafi staðið fyrir utan dyrnar, en ekki kveðst ákærður Sigurjón geta fullyrt, hvort ákærður G. J. (eða aðrir) hafi þá

verið að ryðjast inn í fangahúsið eða reyna til þess. Og ákærður Þorkell Þórðarson hefir borið, að hann hafi séð ákærðan Guðmund Jónsson rétt við vestri dyrastafinn á útidyrum fangahússins rétt áður en umrædd árás var gerð.

Aðrar upplýsingar en að framan greinir hafa ekki komið fram í málinu viðvikjandi þátttöku ákærðs í umræddri árás. En með framangreindum framburði lögregluþjónanna verður að telja sannað, að ákærður hafi í byrjun tekið þátt í árásinni á lögregluþjónana í dyrum fangahússins og eftir öllum atvikum verður að telja nægar líkur fram komnar í málinu til þess að telja sannað, að ákærður hafi gert það í þeim tilgangi að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi eða hjálpa til við það.

3. *Ákærður Jón Ingimundarson Stefánsson*: Hann neitaði við rannsókn málsins að gefa nokkra skýrslu um mála-vöxtu og svara spurningum rannsóknardómarans, en hélt fram, að hann teldi sig ekki hafa brotið lög í neinu.

Eins og að framan er getið, hafa báðir framannefndir lögregluþjónar borið, að ákærður hafi ásamt ákærðum Guðmundi Jónssyni og ákærðum Jóni Sigurðssyni ráðist að þeim lögregluþjónunum í dyrum fangahússins, er árásin byrjaði, þ. e. þeir hafi verið fremstir í árásinni og hafa lögregluþjónar þessir báðir borið, að ákærður hafi ruðzt áfram af „miklum móð og frekju“ (rskj. nr. 1) og virzt gera eins mikið og hann gat til þess að komast inn í fangahúsið, en er hann komst það ekki strax vegna viðnáms þess, er lögregluþjónarnir veittu, réðist ákærður sérstaklega að Stefáni Árnasyni, lögregluþjóni, — þó ekki með barsmiðum — og tók lögregluþjóninn þá til kylfu sinnar og sló ákærðan með henni á ennið til þess að losna úr fangbrögðum ákærða, en þá var ýtt af enn meiri krafti utan frá á lögregluþjónana, og færðust lögregluþjónarnir þá undan þunga þeim inn í anddyri fangahússins, og slapp ákærður þá inn fyrir þá fyrstur manna. Ákærður fór því næst, ásamt fleirum inn í gang fangahússins og hefir vitnið Jóhannes J. Albertsson borið, að ákærður hafi þar (þ. e. inni í ganginum) tekið um hendur honum (vitninu) á meðan verið var að brjóta upp klefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, — að því er virtist í þeim tilgangi að halda Jóhannesi. Vitnið Stefán Árna-

son hefir og borið, að hann hafi séð ákærðan taka eitthvað á Jóhannesi í gangi fangahússins við umrætt tækifæri, en kveðst ekki hafa séð það greinilega og kveðst hafa heyrt Jóhannes hafa haft orð á því við ákærðan, hvort hann ætlaði að halda sér eða eitthvað á þá leið.

Um frekari þátttöku ákærðs í innbrotinu í fangahúsið er ekki upplýst og samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, virðist hann ekkert hafa unnið að því að brjóta upp fangaklefan. En það verður að teljast sannað með framburði framangreindra vitna, að ákærður hafi ráðizt að þeim í dyrum fangahússins og leitað inngöngu í fangahúsið á þann hátt, sem vitni þessi hafa borið, og að hann hafi veitst að Jóhannesi J. Albertssyni, lögregluþjóni, í gangi fangahússins og verður eftir atvikum að telja nægjanlega upplýst, að ákærður hafi gert þetta í þeim tilgangi, að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi eða hjálpa til við það.

4. Ákærður Jón Sigurðsson: Upphaflega er hann var yfirheyrður í rétti við rannsókn máls þessa, neitaði hann með öllu að svara spurningum rannsóknardómarans eða gefa nokkrar upplýsingar viðvíkjandi málinu, en í réttarhaldi síðar við rannsókn málsins hélt ákærður því fram, að hann hafi ekki sýnt neinum neitt ofbeldi við umrætt tækifæri og ekki tekið neinn þátt í því að ryðja lögregluþjónunum úr dyrum fangahússins eða í því að ryðjast inn í fangahúsið og hélt fram, að aðrir hefðu verið fyrir framan hann, er ráðist var á lögregluþjónana í dyrum fangahússins, en hélt þó fram, að hann hefði ekki séð, hverjir gerðu það.

Framangreind vitni hafa, eins og að framan er dregið á, borið, að ákærður hafi ráðizt á vitnin (lögregluþjónana) í dyrum fangahússins, er árasin á fangahúsið byrjaði og virzt leggja mikið kapp á að komast inn í fangahúsið og farið þangað inn, ásamt með öðrum árásarmönnum, eftir að lögregluþjónunum hafi verið rutt úr dyrunum, en lögregluþjónarnir hafa borið, að þeir hafi ekki orðið varir við neina frekari þátttöku ákærða í sambandi við innbrotið í fangahúsið og kveðast ekki hafa séð hann vinna neitt að því, að brjóta upp fangaklefan, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, og er ekki upplýst um aðra eða frekari þátttöku hans í umræddum verknaði. En

með framangreindum framburði lögregluþjónanna, verður að telja sannað, að ákærði hafi ráðizt á umrædda lögregluþjóna í dyrum fangahússins og unnið að því að ryðja þeim úr dyrum þess á þann hátt, sem þeir hafa borið, og verður eftir atvikum að telja nægar líkur fyrir því til þess að telja sannað, að ákærður hafi gert það til þess að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi.

5. *Ákærður Guðmundur Eyjólfur Jónsson*: Hann hefir haldið því fram við rannsókn málsins, að hann telji sig ekki hafa brotið lög í neinu, en hefir að öðru leyti ekki fengizt til að skýra frá málavöxtum eða svara spurningum rannsóknardómarans.

Framangreind vitni hafa borið, að ákærður hafi verið á meðal þeirra, sem voru næstir fyrir aftan þá 3 hina ákærðu, sem fremstir voru, eins og að framan greinir, er ráðizt var að lögregluþjónunum í dyrum fangahússins og fór ákærður samkv. framburði vitna þessara og inn í gang fangahússins, eins og að framan greinir, og sté upp á borð eða skáp við vesturgöfl hússins, opnaði þar glugga og kallaði út um gluggann og bað um að náð væri í rofjárn og var honum rétt eitthvað slíkt áhald inn um gluggann og hafa bæði umrædd vitni borið, að ákærður hafi því næst unnið að því að brjóta upp klefann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í. Vitni þessi kveðast ekki hafa séð greinilega, hvernig eða hvað ákærður vann að því að bjóta upp klefahurðina, en kveðast hafa séð, að hann stóð alveg við hurðina og beitti átökum við hurðina og læsingarútbúnað hennar.

Með framangreindum vitnaframburðum verður það að telja sannað, að ákærður hafi tekið þann þátt í umræddum árásum og innbroti í fangahúsið, sem greint er í vitnaframburði þessum.

6. *Ákærður Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson*: Hann hefir við rannsókn málsins neitað að gefa skýrslu um málavöxtu eða svara spurningum rannsóknardómarans, en hefir haldið því fram, að hann telji sig ekki hafa gerzt brotlegur við lög í neinu.

Vitnið Jóhannes Albertsson hefir borið, að ákærður hafi verið einn meðal þeirra, sem voru næstir (þ. e. í næstu röð) fyrir aftan framannefnda 3 þá fremstu, er ráð-

ízt var að lögregluþjónunum í dyrum fangahússins og vitnið Stefán Árnason hefir borið, að hann minni, að hann sæi ákærða meðal þeirra, er voru næst fyrir aftan framannefnda 3 hina fremstu við umrætt tækifæri, en mundi ekki fyrir vist, hvort hann sá hann þar í röðinni, og samkvæmt framburði beggja nefndra vitna fór ákærðurur inn í gang fangahússins og vann að því ásamt fleirum að brjóta upp fangaklefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, og kveða vitnin ákærðan hafa staðið alveg við klefahurðina og beitt átökum við að opna hana, en ekki sáu vitnin nánar, hvernig ákærðurur vann að þessu.

Með framangreindum vitnaframburðum verður að teljast sannað, að ákærðurur hafi tekið þátt í árásinni á lögregluþjónana í dyrum fangahússins og í því að brjóta upp framangreindan fangaklefa.

7. *Ákærður Karl Óskar Guðmundsson:* Hann hefir eindregið neitað að hafa á nokkurn hátt hjálpað til við að brjóta upp fangaklefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í og hefir haldið fram, að skrifleg skýrsla, sem framannefndir lögregluþjónar gáfu upphaflega um málavöxtu og lögð var fram við rannsókn málsins (rskj. nr. 1.), sé ekki rétt og hefir tekið fram, að hann telji sig algerlega saklausan af verknaði þeim, sem umræðir í skýrslu þessari, en hefir að öðru leyti neitað að skýra frá málavöxtum eða svara spurningum rannsóknardómarans, þar á meðal hefir hann neitað að skýra frá því, hvort hann hafi komið inn í fangahúsið eða ekki við umrætt tækifæri.

Framannefndir lögregluþjónar hafa báðir borið sem vitni, að ákærðurur hafi farið inn í gang fangahússins við umrætt tækifæri, en gátu ekki borið um, hversu framarlega meðal hinna ákærðu hann var, er farið var inn í fangahúsið, en hann hafi verið meðal hinna fremstu (þó ekki allra fremstu), er ráðizt var til inngöngu í fangahúsið og hafa þeir og borið, að ákærðurur hafi haft orð á því, að réttast væri að taka þá lögregluþjónana og loka þá inni. Þá hafa og nefnd vitni borið, að ákærðurur hafi unnið að því að brjóta upp fangaklefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, kveður (sic) hann hafa staðið við klefa-

hurðina er verið var að brjóta hana upp og beitt átökum við að opna hana, en sáu ekki nánar, á hvern hátt hann vann að því að opna hurðina.

Það verður að telja sannað með framangreindum vitnaframburðum, að ákærður hafi tekið þátt í því að brjóta upp framangreindan fangaklefa og að hann hafi viðhaft þau orð, er að framan greinir, viðvikjandi lögregluþjónunum og þó umrædd vitni geti ekki borið nákvæmlega um, hvernig ákærður hagaði sér, er ráðizt var til inn-göngu í fangahúsið, verður eftir atvikum að telja nægjanlega upplýst, að ákærður hafi tekið þátt í hinni upphaflegu árás, er lögregluþjónunum var rutt úr dyrum fangahússins, sem gert var þannig, að þeir sem fremstir voru, réðust að lögregluþjónunum, sem stóðu í dyrunum, en aðrir, sem voru fjær dyrunum, ýttu á þá.

8. *Ákærður Kristján Sigurður Sigurjónsson*: Hann hefir kannazt við að hafa komið að fangahúsinu, er umrædd árás var gerð á það, og hefir og kannazt við að hafa farið inn í gang þess ásamt fleirum eftir að lögregluþjónunum hafði verið rutt úr dyrunum, en hann hefir eindregið neitað að hafa unnið nokkuð að því að ryðja lögregluþjónunum úr dyrunum og neitað að hafa ýtt á þá, sem gerðu það og heldur fram, að margir menn hafi verið nær fangahúsinu en hann, er árásin var gerð og þrengsli mikil kringum hann (ákærðan) og menn troðizt áfram. Hann hefir og eindregið neitað því, að hann hafi unnið nokkuð að því að brjóta upp klefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, en hann hefir kannazt við að hafa verið í gangi fangahússins, nálægt dyrunum á umræddum fangaklefa, er klefadyrnar voru brotnar upp, en hefir þó haldið fram, að hann hafi ekki tekið eftir, hverjir brutu upp klefann og að hann myndi ekki, hverja hann sá á gangi fangahússins við umrætt tækifæri. Hann kveðst hafa vitað um að Hallgrímur Brynjólfsson var í gæzluvarðhaldi í fangahúsinu áður en umræddir atburðir gerðust, en heldur fram, að hann hafi ekkert vitað um eða heyrt talað um, að ráðgert væri, að taka hann úr varðhaldinu með valdi og heldur fram, að enginn hafi beðið hann um eða talað um við hann að hjálpa til við slíkt. Hann kveðst hafa verið háseti á v. b. Valdimar V. E. 286 á umræddum tíma og kveður skipshöfnina á þeim bát (þar á meðal

hann sjálfan) hafa verið að búa hann til brottferðar til Norðfjarðar dag þann, er umræddir atburðir gerðust og kveðst hann hafa verið á gangi upp Bárustíg, ásamt með formanninum á nefndum vélbát, Ásbirni Þórðarsyni, seint umræddan dag og hafi þeir verið að koma neðan frá höfn og kveðst þá ákærður hafa séð hóp af fólki, sem safnast hafði saman á horninu milli Bárustigs og Vestmannabrautar og einnig rétt hjá fangahúsinu og kveðst hann þá hafa gengið að fangahúsinu vegna forvitni, ásamt með nefndum Ásbirni Þórðarsyni, til þess að sjá, hvað væri að gerast, en kveðst þá ekkert hafa vitað um, að ætti að gera árás á fangahúsið né hafa ætlað að taka þátt í slíku.

Nefndur Ásbjörn Þórðarson hefir borið sem vitni í málinu, að ákærður hafi verið vélstjóri á fyrnefndum vélbát á umræddum tíma og hafi ákærður unnið við bátinn hér dag þann, er innbrotið í fangahúsið var framið, þar til síðari hluta dagsins, og báturinn lagt af stað héðan til Norðfjarðar kl. að ganga 8 þá um kvöldið. Hann kveðst hafa verið á gangi á götum bæjarins, nálægt fangahúsinu, umræddan dag, rétt áður en innbrotið var framið, og kveðst þá hafa séð, að fólk hafði safnast saman utan við fangahúsið og kveðst þá hafa gengið að fangahúsinu. En er vitni þetta var yfirheyrt, sem ekki var gert fyrr en er það kom aftur frá Norðfirði í desembermánuði 1933, kvaðst hann ekki muna, hvort ákærður hafi verið með honum við umrætt tækifæri, en kvað sig minna óljóst að svo hafi verið, en ekki kveðst vitni þetta geta gefið neinar upplýsingar viðvíkjandi þátttöku ákærðs (K. S. S.) eða annara í árásinni á fangahúsið.

Í skriflegri skýrslu á rskj. nr. 1, sem framannefndir lögregluþjónar gáfu viðvíkjandi máli þessu, er tekið fram, að ákærður hafi unnið að því að brjóta upp frangreindan fangaklefa, ásamt þeim þrem öðrum, sem að framan greinir, að hafi unnið að því, en án nánari skýringar á því, hvernig farið hefði verið að því. Og Jóhannes J. Albertsson, lögregluþjónn, bar fyrst, er hann var yfirheyrdur (sem vitni) í málinu, — þ. e. er hann staðfesti framangreinda skýrslu — að þeir fjórir hafi lagzt á rofjárn við að sprengja hurðina fyrir klefanum upp og er umrædd vitni voru samprófuð við hina ákærðu Karl Ó. Guðmundsson, Guðmund Eyjólf Jóelsson og Brynjólf

Þorgrím Hallgrímsson, báru þau, að allir umræddir 4 menn hafi unnið að því að brjóta klefann upp. En er vitnið Stefán Árnason var samprófað við ákærða (K.S.S.), kvaðst hann (vitnið) ekki hafa séð ákærðan beinlínis vinna að því, að brjóta upp klefahurðina, en kvað hann hafa staðið rétt við dyrnar á umræddum klefa, en kveðst hafa álitnið, að allir umræddir 4 menn, sem vitnið sá standa við klefahurðina, innu að því að brjóta hana upp, en þeir hafi staðið svo þétt og gangurinn mjór, að ekki hafi verið unnt að sjá, hvaða handtökum hver beitti við að opna hurðina og síðar í réttarhaldi skýrði vitni þetta nánar frá þannig, að hann (vitnið), hafi séð fyrir vist, að hinir ákærðu Guðmundur Eyjólfur Jóelsson. Karl Óskar Guðmundsson og Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson hafi beitt átökum við að brjóta upp fangaklefann, en kveðst ekki hafa séð fyrir vist, að ákærður Kristján Sigurður Sigurjónsson, tæki á hurðinni eða læsingarútbúnaði hennar, enda hafi verið örðugt vegna þrengsla að sjá, hvað fram fór, en ákærður K. S. S. hafi verið svo nálægt hurðinni og á hreyfingu á milli hinna þriggja, sem vitnið kveðst hafa séð fyrir vist, að unnu að því að brjóta upp dyrnar, að hann (vitnið) kveðst hafa álitnið og álita, að hann hafi einnig unnið að því að brjóta dyrnar upp.

Er vitnið Jóhannes J. Albertsson var samprófaður við ákærðan, bar vitni þetta, að hann hafi ekki séð yfirheyrða vinna að því að brjóta upp klefadyrnar, og að hann hafi staðið fjærst klefahurðinni af þeim, sem stóðu þá framan við hana, — þ. e. fyrnefndir 3 menn, sem umrædd vitni hafa borið, að hafi unnið að því að brjóta upp dyrnar og 1 og 2 menn aðrir, sem vitnið sá ekki, hverjir voru — auk ákærðs K. S. S., en vitnið kvað sér hafa virzt allir fyrnefndir menn samhuga um að opna umræddar dyr, enda hafi ákærður verið rétt við klefahurðina, er verið var að brjóta hana upp, þó hann væri fjær henni en hinir. En síðar í réttarhaldi bar vitni þetta, að ákærður K. S. S. hafi beitt átökum við að brjóta upp umrædda fangaklefahurð, auk hinna þriggja, er að framan greinir, og var vitni þetta því aftur samprófað við ákærðan og hélt þá fast við þennan framburð sinn og hélt fram, að framangreindur framburður hans, er hann var samprófaður við ákærðan hið fyrra sinn, hafi verið byggður á mis-

skilningi, hann hafi ekki ætlað sér að afturkalla neitt, sem hann hafi áður borið í málinu, enda ekki rifjað þetta sérstaklega upp fyrir sér, áður en hann mætti í réttinum til samprófunar hið fyrra sinn, en hélt fram, að hann myndi þetta fyrir vist, eins og hann hefði munað það, er hann var upphaflega yfirheyrður í málinu, enda kveðst vitnið hafa skrifað niður hjá sér um atburðina sama kvöldið og þeir gerðust og eiðfesti vitnið framburð sinn um þetta, eins og hann var eftir hina síðari samprófun við ákærða.

Með framangreindum vitnaframburðum verður eigi talið fullsannað, að ákærður hafi haft forgöngu um eða beinlinis unnið að því að brjóta upp fangaklefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, en með vitnaframburðum þessum verður að telja framkomnar nægar líkur fyrir því, að ákærður, sem var rétt alveg við fangaklefahurðina á meðan verið var að brjóta hana upp og staddur meðal þeirra, sem brutu hana upp, hafi tekið þátt í innrásinni á fangahúsið, er lögregluþjónunum var rutt úr fangahúsdyrnum, og á þann hátt aðstoðað við að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi og komið að fangaklefadyrunum í þeim tilgangi að aðstoða við innbrotið, ef á þyrfti að halda, enda hefir ákærður ekki gert fullnægjandi grein fyrir aðstöðu sinni við fangahúsdyrnar eða við fangaklefadyrnar, eftir að hann kom inn í gang fangahússins eða hvað gerðist þar.

9. *Ákærður Þorkell Þórðarson*: Fyrst, er hann var yfirheyrður fyrir rétti viðvikjandi máli þessu, neitaði hann að gefa skýrslu um málavöxtu eða svara spurningum rannsóknardómarans, en hélt aðeins fram, að hann teldi sig ekki hafa brotið lög í neinu. Síðar skýrði hann svo frá í rétti, að hann hefði unnið að fiskþvotti dag þann, er innbrotið í fangahúsið var framið, en hafi seint þann dag gengið að túni, sem hann hafi haft á leigu hjá Stakagerði hér í bænum, til þess að athuga, hvort börn væru á túninu, en er hann gekk til baka þaðan, kveðst hann hafa séð að hópur af mönnum var kominn að fangahúsinu og kveðst hann þá hafa farið þangað til þess að sjá, hvað væri að gerast þar og kveðst hafa verið kominn að norðvesturhorni fangahússins, er ruðzt var inn í það, en heldur eindregið fram, að hann hafi ekki átt neinn þátt í að ryðjast inn í húsið, (þ. e. að ryðja lögregluþjónunum úr

dyrum þess), en hefir kannast við að hafa farið inn í gang fangahússins, eftir að aðrir menn höfðu rutt lög-reglupjónunum úr dyrum þess. En hann hefir eindregið neitað að hafa eggjað nokkuð til árásar á lögregluna eða fangahúsið. Hann heldur og fram, að hann hafi ekki vit-að um, að fyrirhugað hafi verið að gera árás á fanga-húsið, áður en það var gert og kveður engan hafa beðið sig um að taka þátt í slíku. En ekki kvaðst ákærður þó geta gefið neinar upplýsingar um, hverjir voru að verki við fangahúsið við umrætt tækifæri, annað en það, sem að framan greinir viðvíkjandi Guðmundi Jónssyni.

Vitnið Jóhannes J. Albertsson hefir borið, að hann hafi séð ákærðan fyrir utan fangahúsið, eftir að hópurinn kom að fangahúsinu, áður en ráðizt var til inngöngu í það og að honum (vitninu) hafi virzt ákærður eggja menn til árásar og sýna áhuga fyrir slíku, en ekki gat vitni þetta tilgreint nein sérstök orð, sem ákærður hafi viðhaft í þessu sambandi, og aðrar upplýsingar hafa ekki komið fram um þetta í málinu og verður gegn neitun ákærðs eigi talið sannað, að hann hafi eggjað menn til árásar á lög-regluna eða fangahúsið eða sýnt að hann ætlaði sér slíkt, áður en árásin hófst, og framangreind vitni tóku ekkert eftir ákærðum á meðan menn voru að ryðjast inn í fanga-húsið og tók vitnið Stefán Árnason ekkert eftir honum, fyrr en hann var kominn inn í gang fangahússins ásamt fleirum og vitnið Jóhannes J. Albertsson kveðst ekki hafa tekið eftir ákærðum eftir að árásin hófst, fyrr en er hann var kominn inn í gang fangahússins, og umrædd vitni kveðast ekki hafa séð ákærðan hjálpa neitt til við að brjóta upp framangreindan fangaklefa. En vitni þessi hafa bæði borið, að ákærður hafi eftir að hann var kominn inn í ganginn sagt, að réttast væri að taka lögreglupjónana og rasskella þá, og að ákærður hafi tekið undir, er ákærður Karl Óskar Guðmundsson sagði, að réttast væri að taka þá lögreglupjónana og loka þá inni — eins og að framan greinir.

Af framangreindri framkomu ákærða, sem verður að telja nægjanlega sannaða með framburði framangreindra tveggja vitna, er augljóst, að ákærður hefir farið inn í fangahúsið í þeim tilgangi að hjálpa til við að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi og verður að telja næg-

ar líkur fram komnar, til þess að telja sannað, að hann hafi tekið þátt í árásinni á fangahúsið, er lögregluþjónunum var rutt úr dyrum þess.

10. *Ákærður Guðmundur Stefánsson*: Hann hefir neitað að með öllu að gefa nokkrar upplýsingar um málavöxtu eða svara spurningum rannsóknardómarans, en hefir haldið fram, að hann telji sig ekki hafa brotið lög í neinu.

Framangreind vitni hafa borið, að hann hafi verið næst fyrir aftan þá 3, sem fremstir voru í árásinni á lögregluþjónana í dyrum fangahússins, ásamt hinum ákærðu Guðmundi Eyjólfí Jóelssyni, Gísla Stefánssyni og Brynjólfi Þ. Hallgrímssyni — og virzt ýta á þá, sem fyrstir (fremstir) réðust að lögregluþjónunum og að hann hafi farið inn í fangahúsið, eftir að lögregluþjónunum hafði verið ýtt úr dyrunum, en ekki er upplýst um aðra þátttöku ákærðs í umræddri árás eða innbroti í fangahúsið, en með þessum framburðum nefndra vitna verður að telja sannað, að ákærður, sem ekki hefir gert neina grein fyrir veru sinni á þessum slóðum á umræddum tíma, hafi tekið þátt í umræddri árás á lögregluþjónana og þar með veitt aðstoð sína við að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi.

11. *Ákærður Gísli Stefánsson*: Hann hefir með öllu neitað að gefa skýrslu um málavöxtu eða svara spurningum rannsóknardómarans, en hefir haldið fram, að hann telji sig ekki hafa brotið lög í neinu.

Framanefnd vitni hafa borið, að ákærður hafi verið eins og að framan greinir, meðal þeirra, er voru næstir (í næstu röð) fyrir aftan þá 3, er fyrstir réðust að lögregluþjónunum í dyrum fangahússins, og virzt troðast áfram að fangahúsdyrnum án þess að honum væri ýtt áfram og að hann hafi farið inn í fangahúsið, eftir að lögregluþjónunum hafi verið rutt úr dyrunum, en ekki er upplýst um aðra þátttöku ákærðs í umræddri árás eða innbroti, en með þessum framburði lögregluþjónanna, verður að telja sannað, að ákærður hafi tekið þátt í að ryðja lögregluþjónunum út úr dyrum fangahússins og þar með í því að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi.

12. *Ákærður Þórarinn Anton Jóhann Guðmundsson*: Hann hefir neitað að gefa nokkra skýrslu um málavöxtu eða svara spurningum rannsóknardómarans.

Vitnið Jóhannes J. Albertsson hefir borið, að hann hafi ekki tekið eftir ákærðum fyrr en er hann hafi verið kominn inn í gang fangahússins, en þar kveðst vitni þetta hafa séð hann, eftir að lögregluþjónunum hafi verið rutt úr dyrum fangahússins.

Vitnið Stefán Árnason mundi ekki fyrir víst, hvort hann sá ákærðan nokkuð við fangahúsið, áður en lögregluþjónunum var rutt úr dyrunum (eða meðan á því stóð, en kvaðst hafa séð hann í forstofu fangahússins, er árásarmenn voru komnir þangað.

Vitni þessi sáu því ekki, hvort ákærður hafði sig sérstaklega í frammi um að ryðjast inn í fangahúsið, og sáu hann ekki hafa sig annað í frammi í sambandi við árás þessa eða innbrot og ekki er neitt annað upplýst viðvikjandi þátttöku ákærðs í því, annað en það, sem framangreind vitni hafa borið. En með vitnaframburðum þessum verður það að teljast sannað, að ákærður hafi komið inn í fangahúsið við umrætt tækifæri og með því að hann hefir ekki gert neina grein fyrir því, hversvegna hann kom þangað, verður að telja nægar líkur fram komnar, til þess að telja sannað, að hann hafi komið þangað vegna þátttöku í árásinni á lögregluþjónana í dyrum fangahússins og í uppþoti því, er þar varð.

13. *Ákærður Kristinn Magnússon*: hann hefir eindregið neitað því, að hann hafi tekið nokkurn þátt í árásinni á lögregluþjónana í dyrum fangahússins og hefir neitað að hafa tekið nokkurn þátt í því að taka Hallgrím Brynjólfs-son úr gæzluvarðhaldi.

Hann kveðst hafa verið á leið heim til sín neðan frá höfn rétt áður en innbrotið í fangahúsið var framið, en kveðst þá hafa heyrt einhverja, sem hann hitti á leiðinni, en sem hann hélt þó fram, að hann myndi ekki hverjir voru, tala um að til stæði, að gera árás á fangahúsið, til þess að ná út fanga, sem þar væri geymdur, og kveðst ákærður því hafa gengið að fangahúsinu vegna forvitni, til þess að sjá, hvað ske kynni, og er hann kom að fangahúsinu, kveður hann hóp manna, 10—20 menn að hann hyggur, hafa verið norðan við húsið og kveðst hann hafa gengið inn í hóp þennan og verið inn í hópnum, er árásin var gerð á lögregluþjónana í dyrum fangahússins og hefir ákærður haldið fram, að er árásin var gerð, hafi verið ýtt

á hann af mönnum, sem voru fjær fangahúsinu en hann og kveðst hann því hafa ýtt frá sér vegna þrengsla, en heldur fram, að hann hafi ekki ýtt neitt á eftir þeim, sem voru að ryðjast inn í fangahúsið eða að því og sem voru nær fangahúsinu en hann. Hann heldur fram, að þrengslin hafi verið svo mikil fyrir utan fangahúsið við umrætt tækifæri, að hann hafi átt fullt í fangi með að verjast því að verða troðinn undir af hópnum og heldur fram, að sér hafi verið ómögulegt að losna út úr hópnum vegna þrengsla. Hann hefir kannast við að hafa farið inn í gang fangahússins, en heldur fram, að hann hafi farið þangað aðeins vegna þess, að hann hafi borið þangað með umræddum hóp manna, sem hann hafi ekki getað losnað út úr, og kveður sér einnig hafa leikið forvitni á að sjá hverju fram færi og kveðst ákærður hafa verið á gangi fangahússins á meðan verið var að brjóta upp fangaklefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í. Hann heldur þó fram, að hann hafi ekki tekið eftir, hverjir það voru, sem ýttu á hann til þess að komast að fangahúsinu, vegna þrengsla og ekki kveðst hann heldur hafa séð, hverjir unnu að því að brjóta upp framangreindan fangaklefa og kveðst hann þó hafa staðið við dyrnar á næsta klefa.

Framangreind vitni hafa borið, að ákærður hafi farið inn í gang fangahússins, en kveðast ekki hafa séð, hvort hann gerði nokkuð til þess að ryðjast inn í fangahúsið og kváðust ekki geta sagt um, hvort hann hafi aðeins borið inn með hóp þeim, sem ruddist þangað, eins og hann hefir sjálfur borið og hafa vitni þessi borið, að ákærður hafi staðið kyrr í gangi fangahússins á meðan verið var að brjóta upp fangaklefann og ekki unnið að því á nokkurn hátt, enda hafi hann staðið nokkuð frá þeim, sem unnu að því.

Annað en að framan greinir er ekki upplýst viðvikjandi ákærðum í sambandi við mál þetta.

Þó framangreindur framburður kærða um, hvernig og hversvegna hann fór inn í fangahúsið, geti ekki talizt sennilegur, verður þó ekki talið útilokað, að hann geti verið sannur og þar eð þessari skýrslu hans hefir ekki verið hnekkt, verður eigi talið sannað, að hann hafi tekið neinn þátt í umræddri árás á lögregluþjónanna eða á annan hátt veitt aðstoð við töku Hallgríms Brynjólfssonar úr

gæzluvarðhaldinu og þar eð eigi verður heldur talið sann-
að, að hann hafi gerzt sekur um þátttöku í uppböti né
um aðrar óspektir, ber að sýkna hann af ákæru réttvis-
innar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

14. *Ákærður Böðvar Jónsson*: Hann hefir eindregið
neitað að hafa tekið nokkurn þátt í árásinni á lögreglu-
þjónana í dyrum fangahússins eða í því að brjóta upp
fangaklefa þann, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymd-
ur í. Hann hefir þó kannast við að hafa komið að fanga-
húsinu og inn í gang þess við umrætt tækifæri. Hann vann
við vélgæzlu í frystihúsi Ísfélags Vestmannaeyja h. f. á um-
ræddum tíma eftir því, sem upplýst er í málinu, og kveðst
hann dag þann, er árásin var gerð á fangahúsið, hafa verið
sendur með kjöt frá frystihúsinu til kaupfélags Albýðu og
er hann kom að húsi því, sem nefnt kaupfélag verzlaði í,
kveðst hann hafa séð, að hópur manna stóð norðan við
fangahúsið og kveðst hann því, er hann hafði skilað
kjötinu til kaupfélagsins, hafa farið að fangahúsinu til þess
að sjá, hvað væri að gerast þar, en hann kveðst alls ekki
hafa heyrt talað um neina fyrirhugaða árás á fangahúsið
áður né neinn beðið hann um að vera með við slíkt. Er
hann kom að fangahúsinu kveður hann hóp manna —
20—25 — að hann hyggur, hafa staðið norðan við fanga-
húsið og við dyr þess, en hann kveður autt rúm hafa verið
meðfram norðurvegg hússins (þ. e. milli hópsins og vegg-
arins) og kveðst ákærður hafa gengið meðfram veggnum
rétt að dyrunum. Hann kveður árásina á fangahúsið hafa
byrjað rétt strax eftir að hann kom þangað og kveðst hann
þá hafa lent inn í hópnum, sem ruddist að dyrunum, og
kveður hafa verið ýtt á sig af mönnum, sem komu meðfram
vegg hússins og ruddust að dyrum þess, en sem hann held-
ur fram að hann hafi ekki tekið eftir hverjir voru, og kveð-
ur hann sér ekki hafa verið unt að losna út úr hópnum þó
hann vildi og ekki hafa haft neitt svigrúm til þess að reyna
það vegna þess, hve fast hafi verið ruðzt að honum og
fangahúsdyrnum, að hann hafi orðið að gera allt, sem
honum var unnt til þess að forðast að „troðast undir“, og
kveðst hann því hafa borizt með straumnum inn í gang
fangahússins. Inni í ganginum kveðst hann hafa séð hóp
manna standa framan við dyrnar á innsta fangaklefanum,
en kveðst ekki hafa séð er klefinn var opnaður (brotinn

upp) og kveður ekki muni hafa verið búið að því, er hann fór út úr fangahúsinu aftur, enda kveður hann nokkuð marga menn hafa verið inni í ganginum, er hann fór þaðan út aftur.

Vitnin Stefán Árnason og Jóhannes J. Albertsson hafa borið, að ákærður hafi farið inn í gang fangahússins við umrætt tækifæri, en kveðast ekki hafa séð, hvort hann hafði sig nokkuð í frammi um að ryðjast inn þangað, og gátu því ekki borið um, hvort það væri rétt hjá ákærðum eða ekki að hann hafi aðeins „borizt þangað með hópnum“ og kveðast vitnin ekki muna fyrir vist eftir að hafa séð hann fyrr en er hann var kominn inn í gang fangahússins en þar hafi hann staðið kyrr (á meðan hann var þar) og ekki unnið neitt að því að brjóta upp fangakleffann.

Annað en að framan greinir er ekki upplýst viðvikjandi framkomu ákærða við fangahúsið eða inni í því við umrætt tækifæri.

Vitnið Friðrik Þorsteinsson, sem var bókhaldari og afgreiðslumaður hjá Ísfélagi Vestmannaeyja á umræddum tíma, hefir borið að ákærður hafi þá unnið hjá félaginu við vélgæzlu, en stundum farið í sendiferðir og að hann (vitnið) hafi sent ákærðan með kjöt til kaupfélags Alpýðu dag þann, er innbrotið í fangahúsið var framið, — seint um daginn, og kveður hann ákærðan hafa sagt frá því, er hann kom til baka aftur úr sendiferð þessari, að hann hafi komið inn í gang fangahússins, að nokkuð margt fólk hafi verið þar og að Hallgrímur Brynjólfsson hafi verið tekinn út úr gæzluvarðhaldi, en hafi ekki talað um að hann hafi sjálfur tekið þátt í þessu eða í innbrotinu né árásinni á lögregluþjónana.

Vitnið Bogi Matthíasson, sem vann einnig hjá Ísfélaginu á umræddum tíma, hefir borið, að ákærður hafi, er hann kom til baka úr umræddri sendiferð, sagt frá því, að hann hafi séð margt fólk við fangahúsið og að hann hafi farið þangað til þess að sjá, hvað væri að gerast, en kveðst ekki hafa heyrt ákærðan segja frekara frá þessu.

Framangreindum framburði ákærðs um hvernig og hversvegna hann fór inn í fangahúsið, sem ekki þykir útilokað að geti verið sannur, hefir ekki verið hnekkt, og verður eigi talið sannað, að hann hafi á nokkurn hátt að-

stoðar við, að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi og eigi verður heldur talið sannað, að hann hafi tekið þátt í uppböti eða óspektum, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

15. *Ákærður Jónas Sigurðsson*: Hann hefir kannazt við að hafa komið að fangahúsinu og inn í gang þess við umrætt tækifæri, en hefir eindregið neitað að hafa komið þangað í þeim tilgangi að gera árás á fangahúsið og hefir eindregið neitað að hafa tekið nokkurn þátt í slíku. Hann kveðst hafa hætt vinnu um kl. 5½ e. m. dag þann, er um ræddir atburðir gerðust, og kveðst litlu síðar hafa gengið upp Bárustíg, upp á Vestmannabraut á leið heim til sín og er hann kom á hornið milli nefndra gatna, kveðst hann hafa séð, að hópur manna hafi verið norðan við fangahúsið, og kveðst hann því hafa farið þangað vegna forvitni og heldur fram, að fleiri hafi bætzt við, eftir að hann kom þangað og þröng því orðið mikil og kveður hann árásina á fangahúsið hafa byrjað rétt strax eftir að hann kom þangað, og heldur fram, að hann hafi borizt inn í fangahúsið með umræddum hóp án þess að hann gerði nokkuð til þess sjálfur að komast þangað, en heldur fram, að svo margir, sem voru fjær fangahúsinu en hann, hafi ruðzt þannig áfram og ýtt á þá, sem framar stóðu, að ómögulegt hafi verið fyrir hann að losna úr hópnum og hafi hann því borizt inn í húsið, er ruðzt var inn í það, og heldur hann fram, að hann hafi farið aftur út úr fangahúsinu áður en búið var að brjóta upp fangaklefan, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í.

Vitnið Stefán Árnason og Jóhannes J. Albertsson hafa borið, að ákærður hafi farið inn í gang fangahússins við umrætt tækifæri, en kveðast ekki hafa séð hann fyrr en er hann var kominn inn í gang fangahússins og gátu því ekki borið um hvort hann gerði nokkuð til þess að ryðjast inn í fangahúsið, á meðan á árásinni stóð á lögregluþjónana í dyrum fangahússins, eða aðstoðaði á nokkurn hátt við hana og hafi hann staðið kyrr í dyrum fangahússins, á meðan hann var þar, og ekki hjálpað neitt til við að brjóta upp klefan, sem Hallgrímur Brynjólfsson var geymdur í, og ekki hvatt til neinna spellvirkja.

Annað en að framan greinir, er ekki upplýst viðvikjandi ákærðum í sambandi við mál þetta.

Það verður eigi talið útilokað, að skýrsla ákærðs um, hvernig eða hversvegna hann komst inn í fangahúsið við umrætt tækifæri, geti verið sönn, þar eð henni hefir eigi verið hnekkt. Verður því eigi talið sannað, að ákærður hafi veitt nokkra aðstoð við umræddan verknað né gerzt sekur um þátttöku í róstum eða uppþoti og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

16. *Ákærður Guðjón Þorkelsson:* Hann hefir kannazt við að hafa farið inn í fangahúsið við umrætt tækifæri, en hefir neitað að hafa tekið nokkurn þátt í árásinni á lög-regluna eða fangahúsið. En hann heldur fram, að það, að hann fór inn í fangahúsið við umrætt tækifæri, hafi atvik-azt þannig, að hann hafi gengið upp Bárustig á leið heim til sín, seint umræddan dag, og hafi hann þá séð, að hóp-ur manna var við fangahúsið, og hafi hann því gengið þangað vegna forvitni til þess að sjá, hvað fram færi, og kveður hann menn hafa byrjað að ryðjast inn í fanga-húsið rétt eftir að hann kom þangað og hafi hann þá lent inn í hóp þeim, sem var framan við dyrnar, og hafi aðrir, sem voru fjær fangahúsinu, ýtt á hann og ruðzt að húsinu og inn í það og hafi hann því borizt þannig inn í gang fangahússins, en er þangað kom, kveðst hann hafa farið inn í austasta fangaklefann, sem var opinn, og sezt þar og setið þar, þar til menn þeir, sem voru í gangi fanga-hússins, fóru þaðan út.

Framanefnd vitni hafa borið, að ákærður hafi farið inn gang fangahússins við umrætt tækifæri, en kveðast ekki hafa tekið eftir honum fyrr en hann var kominn í gang fangahússins, og gátu því ekki borið um, hvort á-kærður hafði sig nokkuð í frammi um að ryðjast inn í fangahúsið, á meðan verið var að ryðja þeim lögregluþjón-unum úr dyrunum. Og vitnið Jóhannes J. Albertsson hefir borið, að hann hafi séð ákærðan fara inn í austasta klef-ann í fangahúsinu rétt strax eftir að hann kom inn í fangahúsganginn og að hann hafi verið þar á meðan unnið var að því að brjóta upp fangaklefa þann, sem Hall-grímur Brynjólfsson var geymdur í. Og vitnið Stefán Árnason hefir borið, að hann hafi að visu ekki séð á-kærðan fara inn í framangreindan fangaklefa, en hann hafi horfið af fangahúsganginum rétt strax eftir að hann

kom þangað, og hafa umrædd vitni borið, að ákærður hafi ekki veitt neitt að þeim né eggjað til neinna óspekta.

Annað en að framan greinir er ekki upplýst viðvikjandi ákærðum í sambandi við mál þetta og verður ekki talið sannað, að hann hafi veitt neina aðstoð við að taka Hallgrím Brynjólfsson úr gæzluvarðhaldi, og ber því, að sýkna hann af ákæru réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

17. *Ákærður Sigurður Pétur Oddsson*: Hann hefir kannazt við að hafa komið að fangahúsinu við umrætt tækifæri og heldur fram, að það hafi verið vegna þess, að hann hafi séð, að hópur manna hafi verið norðan við fangahúsið, og heldur fram, að hann hafi ekkert skift sér af því, sem þar fór fram, annað en að hann hafi talað við mann að nafni Óskar Valdason, sem hann hafi hitt þar og sem hafi verið undir áhrifum áfengis, og ráðlagt honum að fara ekki inn í hópinn og varnað honum að gera það, og kveðst ákærður ekkert hafa farið inn í fangahúsið, en farið þaðan svo fljótt sem hann hafi getað komið því við og kveðst ekki hafa tekið eftir, hvort menn voru farnir að ryðjast inn í fangahúsið, er hann fór þaðan.

Framan nefnd vitni (lögregluþjónarnir) hafa borið, að ákærður hafi ekki farið neitt inn í fangahúsið við umrætt tækifæri og vitnið Stefán Árnason hefir borið, að hann hafi ekki séð ákærðan neitt þá.

Vitnið Jóhannes J. Albertsson bar upphaflega samkvæmt hinni skriflegu skýrslu á rskj. nr. 1, að ákærður hafi sýnt áhuga á því að fara inn í fangahúsið og fá menn til þess fyrst eftir að menn komu að fangahúsinu við umrætt tækifæri. En nánar yfirheyrður um þetta við sampröfun við ákærðan ber vitni þetta, að því hafi virzt ákærður sýna áhuga á að fara inn í fangahúsið vegna þess, að hávaði hafi verið í kringum ákærðan og vitninu hafi virzt hann tala við menn og kveðst hafa álitnið, að það tal mundi vera ráðagerðir um að ráðast á fangahúsið, en kveðst ekki hafa heyrt, hvað ákærður sagði og kveðst því ekki geta fullyrt um, hvort ákærður hafi eggjað menn á að fara inn í fangahúsið.

Gegn neitun ákærðs verður því eigi talið sannað, að ákærður hafi hvatt til árásarinnar á fangahúsið eða átt nokkurn þátt í henni (né í upphoti eða óspektum) og ber

því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þesu.

18. *Ákærður Sigurjón Valdason*: Hann hefir kannazt við að hafa komið að fangahúsinu við umrætt tækifæri, en hefir haldið fram, að hann hafi ekki komið þangað í þeim tilgangi að brjótast inn í fangahúsið og að hann hafi ekki átt neinn þátt í því og að hann hafi ekki farið neitt inn í fangahúsið við umrætt tækifæri. Hann kveður komu sína að fangahúsinu hafa atvikazt þannig, að er hann hafi verið að ganga heim til sín umræddan dag, að lokinni vinnu við vélbát, sem hann hafi farið með til Vopnafjarðar sama kvöldið, hafi hann séð, að menn voru á ferð nálægt fangahúsinu, og hafi hann því gengið þangað eingöngu vegna forvitni til þess að sjá, hvað væri að gerast, og er hann kom að fangahúsinu, hafi hópur manna staðið norðan við dyr þess. Hann kveður menn hafa ruðzt að fangahúsinu stuttu eftir að hann kom þarna að og kveðst hann hafa orðið fyrir hrindingum af þeim og stuttu síðar kveðst hann hafa séð, að menn ruddust inn í fangahúsið, og kveðst hann þá litlu síðar hafa farið heim til sín, sótt farangur sinn og farið um borð í vélbát þann, sem hann kveðst hafa farið af stað með til Vopnafjarðar sama kvöldið eins og að framan greinir.

Vitnið Stefán Árnason hefir borið, að hann (vitnið) muni ekki fyrir vist eftir því að hafa séð ákærðan áður en árásarmenn ruddust inn í fangahúsið og kveðst ekki hafa séð hann neitt á meðan á viðureigninni stóð í dyrunum, en kveðst hafa séð hann í anddyrinu, framan við dyrnar, eftir að árásarmenn höfðu ruðzt inn í húsið, en kveður hann aldrei hafa farið lengra en rétt inn fyrir dyrnar.

Vitnið Jóhannes J. Albertsson hefir borið, að hann hafi séð ákærðan norðan við girðingu þá, sem var skammt norðan við fangahúsið, er árásin var gerð á lögregluþjónana í dyrunum og kveðst vitni þetta því næst ekkert hafa orðið vart við ákærðan á meðan viðureignin í dyrunum stóð yfir, en kveðst hafa séð hann í anddyrinu frammi við dyr eftir að lögregluþjónunum hafi verið rutt úr dyrunum og árásarmennirnir höfðu ruðzt inn í húsið, en kveðst aldrei hafa séð hann fara lengra inn í húsið, og kveðst ekki hafa séð hann hafa sig neitt í frammi.

Það verður því ekki talið sannað, að ákærður hafi á nokkurn hátt aðstoðað við árásina á lögregluþjónana né við að ná Hallgrími Brynjólfssyni úr gæzluvarðhaldi og eigi verður heldur talið sannað, að hann hafi gerzt sekur um neinar óspektir eða þátttöku í uppþoti og ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærð Ísleif Elísabet Hallgrímsdóttir er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 4. apríl 1905. Hún hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hún brotið gegn 109. gr. og 101. gr. sbr. 53. gr. hinna almennu hegningarlaga og gegn 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, og þykir refsing sú, er hún hefir unnið til, hæfilega ákveðin 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Guðmundur Jónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 14. október 1888. Hann var þann 16. maí 1933 sektaður um 25 kr. í lögreglurétti Vestmannaeyja fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja, hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. sbr. 48. gr. 2. mgr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Jón Ingimundarson Stefánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. maí 1904. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. hinna almennu hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Jón Sigurðsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. febr. 1900. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Guðmundur Eyjólfur Jóelsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. janúar 1907. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. maí 1913. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. hinna almennu hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Karl Óskar Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. apríl 1911. Hann var þann 21. marz 1933 sektaður í lögreglurétti Vestmannaeyja um 25 krónur fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja, en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. hinna almennu hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Kristján Sigurður Sigurjónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. apríl 1898. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. sbr. 48. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, eftir atvikum hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Þorkell Þórðarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 7. desember 1872. Hann hefir ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. sbr. 48. gr. 2. mgr. hegningarlaganna og auk þess gegn 102. gr. sömu laga svo og gegn 1. gr.

lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Guðmundur Stefánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. júní 1905. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. sbr. 48. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Gísli Stefánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. janúar 1912. Hann hefir eigi áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. sbr. 48. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Þórarinn Anton Jóhann Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. júlí 1910. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Með framangreindu framferði sínu hefir hann brotið gegn 109. gr. og 101. gr. sbr. 48. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Þó gera verði ráð fyrir því, að þeir, sem unnu að því að taka Hallgrím Brynjólfsson úr gæzluvarðhaldi eða að minnsta kosti einhverjir þeirra, hafi komið að fangahúsinu í þeim tilgangi að fremja þann verknað, þá virðist þó ekki hafa verið um ákveðinn ásetning að ræða, þar eð ekkert varð úr árás á fangahúsið fyrr en er ákærð Ísleif Elisabet hafði mjög eggjað menn og brýnt þá til atlögunnar, og verður að telja óvíst og ekki líklegt eftir því sem upplýst er í málinu, að verknaður þessi hafi komið til framkvæmda, hefði eggjan ákærðrar ekki komið til, og þykir því eftir atvikum, þar á meðal með tilliti til undanfarinnar góðrar hegðunar ákærðra, mega ákveða, að fullnustu refsingar þeirra skuli frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð

laga nr. 39, 16. nóvember 1907 eru haldin. Og að því er snertir ákærðu Ísleif Elisabet, þá þykir með tilliti til undanfarinnar góðrar hegðunar og með tilliti til þess að líklegt þykir mega telja, að framkoma hennar við umrætt tækifæri hafi stafað meira af einhverskonar hugaræsingu vegna gæzluvarðhalds föður hennar en af tilhneigingu til afbrota, mega ákveða, að fullnustu refsingar hennar skuli frestað og hún falla niður, að nefndum tíma liðnum, ef skilorð nefndra laga eru haldin.

Málsvaralaun hins skipaða talsmanns hinna ákærðu Jónasar Sigurðssonar og Sigurðar Péturs Oddssonar, 30 krónur fyrir hvorn greiðist úr ríkissjóði,

Hin ákærðu Brynjólfur Þorgrímur Hallgrímsson, Guðmundur Jónsson og Ísleif Elisabet Hallgrímsdóttir greiði hvert hinum skipaða talsmanni sínum, Birni P. Kalman, hrm., 30 krónur í málsvarnarlaun.

Allan annan kostnað málsins greiði hin dómfelldu öll in solidum.

Á máli þessu varð nokkur dráttur fyrir aukaréttinum af hálfu hins skipaða talsmanns nokkra hinna ákærðu, sem hann kveður hafa verið vegna veikinda sinna, en dómur í málinu hefir ekki verið kveðinn upp fyrr en nú vegna anna dómarans.

Laugardaginn 19. desember 1936.

Nr. 161/1936. Hrefna Sigurgeirsdóttir

gegn

L. Fjeldsted f. h. Sturlu Jónssonar

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður. Áfrýjandi, Hrefna Sigurgeirsdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.